

c. Sýnishorn, sem ekki eru meira en 100 kr. virði.

d. Póstsendingar allt að 100 kr. virði.

e. Vörur, sem farþegar hafa í fari sínu frá útlöndum, allt að 1000 kr. virði.

Heimild sú, sem felst í liðum a., b. og e. hér að framan nær aðeins til varnings, sem er til persónulegra nota hlutaðeiganda eða skylduliðs hans.

Ef í sendingum þeim, sem taldar eru í liðum a.—e. hér að framan, eru vörur, sem eru á skilorðsbundnum frílista frá jafnvirðis kaupalöndum, má einnig tollafgreiða þær frá öðrum löndum án sérstakrar heimildar.

9. gr.

Að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar getur innflutningsskrifstofan veitt innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir sérstökum vöruhegundum, sem ekki eru taldar í 7. gr., gegn afhendingu B-skírteina.

10. gr.

Vörur þær, sem fluttar eru til landsins samkvæmt B-skírteinum, sbr. 7. gr., eru ekki háðar verðlagsákvörðunum innflutningsskrifstofunnar. Um innflutning þessara vara gilda sömu reglur og um aðrar vörur, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 88 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyris mála, fjárfestingarmála o. fl., öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 11. febrúar 1954.

Ingólfur Jónsson.

Yngvi Ólafsson.

AUGLÝSING

um leiðréttingar og viðauka við reglur um lyfjagreiðslur sjúkrasamlaga.

Samkvæmt 3. tölulið 21. gr. laga nr. 51/1951, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar og viðauka við þau, hafa verið gefnar út leiðréttingar og viðauki (III) við reglur, sem um getur í auglýsingu nr. 41 31. marz 1951, um lyfjagreiðslur sjúkrasamlaga, sbr. auglýsingu nr. 153 8. ágúst 1951 og auglýsingu nr. 234 30. desember 1952, til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 12. febrúar 1954.

F. h. r.

Hjalmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.